

Mál nr. 310/2019**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttækið 18.09.2019, ásamt fylgiskjölum 1-18.

Bréf V, dags. 23.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 24.10.2019, ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, að morgni hins 5. maí 2018, misst stjórn á bifreið sinni og ekið á ljósastaur þegar hann beygði til vesturs frá Hafravatnsvegi inn á Reykjaveg. Hafi hann verið á ferð með vini sínum, B. Þar sem bifreiðin var ekki tryggð húfttryggingu hafi tjón á henni sem slíkt ekki verið tilkynnt til V. Níu dögum eftir atvikið hafi A leitað á heilsugæslu vegna afleiðinga þess, og hafi foreldrar hans tilkynnt tjónið til V hinn 22. ágúst 2018 þegar sýnt hafi verið að afleiðingar þess yrðu varanlegar. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að umrætt slys hefði átt sér stað og þess að orsakatengsl væru ekki fyrir hendi. Meðal gagna sem M leggur fyrir nefndina eru yfirlýsingar B og foreldra hans um umrætt atvik, auk þess sem vinnuveitendur votta um skerta starfsgetu M um sumarið 2018. Gerir M á grundvelli framangreinds kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns A hjá V.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að alls ósannað sé að meintur tjónsatburður hafi átt sér stað hinn 5. maí 2018 og sé ekki sýnt fram á orsakatengsl milli hans og líkamlegra einkenna tjónþola. Máli sínu til stuðnings vísar V til þess að í skýrslu Aðstoðar og öryggis, sem gerð hafi verið á grundvelli símtals við M hinn 2. júlí 2018, sé tjónsdagur sagður hinn 22. júní 2018. Þá hafi, í fyrstu tilkynningum um tjónið til V, tjónsdagur verið sagður hinn 20. maí 2018. Í öðrum gögnum sé einnig misræmi hvað þetta varðar. Ríki því alger óvissa varðandi það hvenær eða hvort atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir og hafi yfirlýsingar vina og vandamanna M ekkert gildi í því sambandi. Þá lýsi M atvikum svo að bifreiðin A hafi runnið til vegna ísingar á veginum, en meðalhiti hinn 20. maí hafi verið um fimm gráður. Þá sé ekki að sjá að neitt tjón hafi orðið á umræddum ljósastaur, sbr. skýrslu Aðstoðar og öryggis. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar áréttar M áður fram komnar röksemdir og vísar jafnframt til skjáskots af netsamskiptum móður M og föður B frá 5. maí 2018, þar sem móðir M spyrji sérstaklega um líðan B í kjölfar atviksins. Þá vísar M til þess að veðurfarsyfirlit frá tjónsdegi staðfesti að veðurfarsaðstæður hafi verið í samræmi við lýsingu hans.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr annars vegar að því hvort það umferðaróhapp sem lýst er í gögnum málsins hafi átt sér stað og hins vegar hvort orsakatengsl séu milli þess og líkamlegra einkenna M. Eins og fram hefur komið var umrætt tjón ekki tilkynnt til V fyrr en þremur og hálfum mánuði eftir tjónsdag og er í gögnum málsins að finna ákveðið misræmi hvað varðar dagsetningu tjónsatburðarins. Meðal gagna fyrir nefndinni eru yfirlýsingar B og foreldra hans, foreldra M og móðursystur hans sem öll lýsa því yfir að umrætt atvik hafi átt sér stað að morgni hins 5. maí 2018. Að auki er lagt fyrir nefndina skjáskot af netsamskiptum föður B og móður M frá 5. maí 2018 þar sem hún spyr hvort B hafi orðið fyrir meiðslum við óhappið. Einnig liggja fyrir nefndinni ljósmyndir af skemmdum á A og virðast þær bera með sér að hafa verið teknar þann dag. Þá er lýsing M á atvikum stöðug og hin sama í tjónstilkynningu til V og í læknagögnum, auk þess sem veðurfarsyfirlit sem liggur fyrir nefndinni virðist styðja lýsingu M á því að ísing hafi verið á veginum að morgni hins 5. maí 2018. Þá verður ekki annað séð en að ákoma á bifreiðina geti verið í samræmi við það að henni hafi verið ekið á ljósastaur. Með heildstæðu mati á fyrirbyggjandi gögnum verður því að telja nægilega sannað að umrætt atvik hafi átt sér stað að morgni hins 5. maí 2018, eins og M staðhæfir.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð þar sem kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 14. maí 2018 vegna einkenna frá hálsi og lendarhrygg sem hann rakti til umrædds áreksturs. Þá ber læknisvottorðið með sér að komur M á heilsugæslu hafi verið nokkrar eftir áreksturinn, og að hann hafi einnig leitað til sjúkraþjálfara. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að M hafi áður haft einkenni frá hálsi eða baki. Verður því að telja sannað að M hafi hlotið líkamstjón við umræddan árekstur.

Verður samkvæmt framansögðu fallist á bótaskyldu úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.